

## Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2017, miðvikudaginn 5.júlí kl. 9.03, var haldinn 198. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Ráðssal. Viðstödd voru Hjálmar Sveinsson, Karl Sigurðsson, Gísli Garðarsson, Halldór Halldórsson, og Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Örn Sigurðsson, Björn Axelsson, Þorsteinn Hermannsson, Gunnar Mór Jakobsson og Marta Grettisdóttir. Fundarritari er Björgvin Rafn Sigurðarson.

### (E) Umhverfis- og samgöngumál

1. Akstur bifreiða og hópferðabifreiða um miðborgina, stefnumótun og aðgerðaáætlun - skipan starfshóps Mál nr. US160216

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 27. maí 2017, að reglum við banni við akstri breyttra bifreiða í ferðapjónustu innan miðbæjar Reykjavíkur  
Samþykkt með fyrirvara um samþykkt lögreglustjóra, samkvæmt 21. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 1097/2008.

Umhverfis- og skipulagsráð ítrekar fyrri bókun sína frá 3.maí sl.:

Umhverfis- og skipulagsráð hefur samþykkt tillögu stýrihóps um akstur hópferðabifreiða um miðborgina. Ráðið telur mikilvægt að halda áfram virku samráði við bæði íbúa og ferðapjónustuaðila um framtíðarfyrirkomulag mála í miðborginni til að tryggja sem best samlífi miðborgarbúa og gesta borgarinnar. Leggur ráðið því áherslu á að fylgst verði náið með framvindu mála og staðan metin reglulega þar til að endurskoðunarákvæði tillagnanna verða virkjuð.

- Kl. 9.09 tekur Sigurborg Ó Haraldsdóttir árheyrnarfulltrúi sæti á fundinum.
- Kl. 9.10 taka Sverri Bollason og Herdís Anna Þorvaldsdóttir sæti á fundinum.

2. Reykjavíkurtjörn - niðurstöður rannsókna á lífríki, kynning Mál nr. US170093

Lögð fram skýrsla um lífríki Tjarnarinnar í Reykjavík 2015 og 2016, dags í maí 2017.  
Kynnt.

Snorri Sigurðsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Vistgerðir á Íslandi, kynning Mál nr. US170197

Kynning á skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands dags. í desember 2016 um Vistgerðir á Íslandi.  
Kynnt.

Snorri Sigurðsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

### (A) Skipulagsmál

4. Afgreiðslufundir skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerð Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, dags. 30. júní 2017.

5. Spöngin eining G, Spöngin 3-5/Móavegur 2 og 4, breyting á deiliskipulagi (02.376) Mál nr. SN170522  
560997-3109 Yrki arkitektar ehf, Hverfisgötu 76, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Yrki arkitekta ehf., mótt. 21. júní 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi Spangarinnar einingu G vegna lóðanna nr. 3-5 við Spöngina og 2 og 4 við Móaveg. Í breytingunni felst að fjölga íbúðum í 130 íbúðir (eða allt að 156 íbúðir miðað við vikið + 20%) og felld út heimild til að byggja verslunar- og þjónustuhúsnæði á lóðinni, formi og stærð byggingarreita er breytt lítilllega, þakgörðum efri hæða fækkað og breidd svalaganga minnkuð, bílastæðaskilmálum er breytt, bílakjallari minnkaður og fjöldi bílastæða ofanjarðar er aukinn og fyrirkomulag sorpgeymsla er breytt þannig að í stað djúpgáma eru hefðbundin sorpskýli á lóð, samkvæmt uppdr. Yrki arkitekta ehf., dags. 21. júní 2017.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fulltrúi Framsókar og flugvallarvina Guðfinna J. Guðmundsdóttir og fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Halldór Halldórsson og Herdís Anna Þorvaldsdóttir leggja fram svohljóðandi bókun:

Leiguhúsnæðið sem Bjarg ætlar að byggja er ætlað tekjulágum fjölskyldum á vinnumarkaði. Gert er ráð fyrir að þetta kerfi taki við þar sem félagslega kerfið hættir. Nú eru hins vegar 1022 umsækjendur á biðlista eftir almennum félagslegum leiguíbúðum hjá borginni. Félagsbústaðir hafa rétt til að kaupa 20% af íbúðunum. Félagsleg blöndun er því ekki mikilvæg í þessum húsum sem Bjarg byggir að mati meirihlutans í borginni en meirihlutinn hefur hingað til borið það fyrir sig að ekki gangi að Félagsbústaðir byggji hús t.d. fyrir einhleypa barnlausa umsækjendur á miðjum aldri því félagsleg blöndun sé það mikilvæg. Bjarg er því að gera það sem borgin átti að vera búin að gera fyrir löngu. Athyglisvert er að Bjarg fékk lóðina gegn greiðslu gatnagerðargjalds og byggingarréttargjalds en byggingarréttargjaldið er í formi stofnframlags sem Reykjavíkurborg getur krafist endurgreiðslu á. Hingað til hefur t.d. lóðum undir stúdentaíbúðir verið úthlutað eingöngu gegn greiðslu gatnagerðargjalds en ekki hefur verið rúkað byggingarréttargjald eins og borgin er nú byrjuð að gera. Þá greiðir Bjarg fyrir deiliskipulagsvinnuna. Borgin er því í raun ekki að gera neitt annað en að finna lóð fyrir Bjarg eins og eðli málsins samkvæmt er hlutverk hennar.

Fulltrúar Samfylkingarinnar Hjálmar Sveinsson og Sverrir Bollason, fulltrúi Bjartrar framtíðar Karl Sigurðsson og fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs Gísli Garðarsson bóka:

Sú uppbygging sem boðuð er við Spöngina er mikilvægur liður í að bjóða öllum borgarbúum húsnæði á viðráðanlegu verði. Vannýtt svæði í grónu hverfi með ríka þjónustu fær betri nýtingu samkvæmt gildandi skipulagi. Tillagan felur í sér breytingar sem taldar eru geta orðið til að auka hagkvæmni og er eðlilegt að þær verði kynntar með auglýsingu.

Sigurborg Ó Haraldsdóttir vikur af fundi undir þessum lið.

Björn Traustason fulltrúi Bjargar íbúafélags, Sólveig Berg arkitekt fulltrúi Yrki arkitekta og Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Vísað til borgarráðs.

6. Kvosin, Landsímareitur, breyting á (01.140.4) Mál nr. SN170543  
deiliskipulagi  
610593-2919 Lindarvatn ehf., Reykjavíkflugvelli, 101 Reykjavík  
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík

Lögð fram umsókn THG Arkitekta ehf., mótt. 29. júní 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi Landsímareits. Breytingin felst í megin atriðum í því að borgarlandinu/lóðinni á milli lóðanna Vallarstrætis 4 og Aðalstrætis 7 er skipt upp á milli þeirra og lóðirnar stækkaðar sem því nemur og að leyfilegt verður að fjarlægja viðbyggingu frá 1967 við Landsímahúsið/Thorvaldsenstræti 6 og byggja hana í sömu mynd. Einnig er fallið frá kröfu um að opna skuli samkvæmissal (Nasa) út í Vallarstræti, bætt við skilmálum um bílstæði, ásamt ýmsum smærri breytingum og lagfæringum. Engar breytingar eru gerðar á stærðum og hæðum húsa og húshluta aðrar en núverandi kjallara Vallarstrætis 4 er bætt við, samkvæmt uppdr. THG Arkitekta ehf., dags. 3. júlí 2017.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

7. Miðborgin, landnotkunarheimildir á (04.772.3) Mál nr. US150197  
svæði M1a, aðalskipulagsbreyting,  
landnotkunarheimildir í miðborg  
Reykjavíkur

Að lokinni auglýsingu er lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, dags. mars 2017 uppfært 30. júní 2017, breyting á landnotkunar-skilmálum miðborgarkjarna (M1A), dags. 30. júní 2017. Markmið breytingartillögu er að stemma stigu við fjölgun gististaða í miðborginni. Breytingartillagan nær til miðborgarkjarnans (M1a) og gerir ráð fyrir því að frekari uppbygging gististarfsemi verði ekki heimil nema þá sem ákveðið hlutfall nýrrar uppbyggingar að undangenginni deiliskipulagsgerð. Tillagan var auglýst frá 12. maí 2017 til og með 23. júní 2017. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Vesturgarður, dags. 22. júní 2017 og Óttar Yngvason, dags. 23. júní 2017. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 30. júní 2017.

Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 30. júní 2017.

Vísað til borgarráðs.

Halldóra Hrólfsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

8. Elliðabraut 4-6, 8-10 og 12, breyting á (04.772.3) Mál nr. SN160659  
deiliskipulagi  
660504-2060 Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Plúsarkitekta mótt 31. ágúst 2016 varðandi breytingu á deiliskipulagi Norðlingaholts vegna lóða nr. 4-6, 8-10 og 12 við Elliðabraut. Í breytingunni felst að þar sem áður var gert ráð fyrir atvinnuhúsnaði er nú gert ráð fyrir 1-4 hæða íbúðarhúsnaði, skv. uppdráttum Plúsarkitekta ehf., dags. 29. júní 2017. Einnig er lögð fram skýringarmynd dags. 29. júní 2017. Byggingarmagn mannvirkja er óbreytt.

Samþykkt með þeim breytingum sem fram komu á fundinum að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

9. Gylfaflöt 2 og 4, breyting á deiliskipulagi (02.578.3) Mál nr. SN170410  
440907-1800 Raflagnir Íslands ehf, Brautarholti 26- 28, 105 Reykjavík  
500191-1049 Arkþing ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn Arkþings ehf., mótt. 16. maí 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi Gylfaflatar 2-14 vegna lóðanna nr. 2 og 4 við Gylfaflöt. Í breytingunni felst að byggingarreitir eru stækkaðir um 2 metra inn að Gylfaflöt, samkvæmt uppdr. Arkþings ehf., dags. 15. maí 2017.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

10. Héðinsreit, reitur 1.130.1, breyting á (01.130.1) Mál nr. SN170526  
deiliskipulagi

Lögð fram forsögn umhverfis- og skipulagssviðs. skipulagsfulltrúa dags. 26. júní 2017 á deiliskipulagi fyrir Héðinsreit - út frá gildandi heimildum í deiliskipulagi, frá markmiðum Reykjavíkurborgar og áherslum skv. gildandi aðalskipulagi. Reiturinn er innan miðborgar (M1) á svæði sem skilgreint er nánar sem M1b. Blönduð miðborgarbyggð. Skrifstofur og þjónusta. Eftirfarandi skilgreining gildir um það svæði (bls. 207-208): "Markmiðið er að efla fjölbreytta atvinnu- og þjónustustarfsemi sem fellur að íbúðarbyggð. Gert er ráð fyrir stofnunum og skrifstofum og sérhæfðri þjónustu, þ.m.t. gistipjónustu. Íbúðir eru heimilar, einkum á efri hæðum húsnæðis. Við jarðhæðir með götuhliðastýringu er verslunar- og þjónustustarfsemi opin almenningi í forgangi."

Mikilvægt er að deiliskipulagsbreytingin horfi til þeirra fermetra sem er í gildi skv. núverandi deiliskipulagi, 3.000 m<sup>2</sup> og 14.180m<sup>2</sup> - að lóðarhafar finni út í sameiningu hvernig nýbyggingar á þessum reit aðlagi sig að núverandi byggð með útgangspunkti í þeim fermetrum sem eru í gildi nú skv. gildandi deiliskipulagi.

Forsögn umhverfis- og skipulagssviðs. skipulagsfulltrúa dags. 26. júní 2017 samþykkt.

Borghildur Sölvey Sturludóttur verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

11. Nýlendugata 34, breyting á deiliskipulagi (01.130.2) Mál nr. SN170480  
680113-0840 Ydda arkitektar ehf., Seljavegi 2, 101 Reykjavík  
480915-1510 Arwen Holdings ehf., Seljavegi 2, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Ydda arkitekta ehf., mótt. 9. júní 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi nýlendreits vegna lóðarinnar nr. 34 við Nýlendugötu. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit og aukning á byggingarmagni vegna byggingu nýbyggingar á lóðinni, timburhús með allt að 6-7 íbúðum. Byggingin er tvær hæðir og ris þar sem rishæðin brotnar upp í þrjú staðstæð form, samkvæmt uppdr. Ydda arkitekta ehf., dags. 9. júní 2017.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Borghildur Sölvey Sturludóttur verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

12. Vogabyggð svæði 2, breyting á (01.45) Mál nr. SN170532  
deiliskipulagi  
500310-0490 DAP ehf, Litlu-Tungu, 270 Mosfellsbær

Lögð fram umsókn DAP ehf., mótt. 27. júní 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi Vogabyggðar svæði 2. Í breytingunni felst að auka byggingarmagn neðanjarðar, samkvæmt tillögu Teiknistofu Tröð, dags. 3. júlí 2017 ásamt greinargerð og skilmálum dags. 3. júlí 2017, síðast breytt 5. júlí 2017.  
Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.  
Vísað til borgarráðs.

### (B) Byggingarmál

13. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, (01.45) Mál nr. BN045423  
fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 931 frá 4. júlí 2017.

### (C) Fyrirspurnir

14. Brautarholt 18 og 20, (fsp) hækkun og (01.242.2) Mál nr. SN170470  
breytt notkun  
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík  
650613-1200 Upphaf fasteignafélag slhf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Arkís arkitekta ehf., mótt. 6. júní 2017 um breytingu á deiliskipulagi fyrir Brautarholt 16, 18 og 20 sem felst í að hækka Brautarholt 18 og 20 um eina hæð og breyta efri hæðum í íbúðir og neðri hæðum í verslun og þjónustu, samkvæmt tillögu Arkís arkitekta ehf., ódags. Einnig er lögð fram greinargerð Arkís arkitekta ehf., dags. 2. júní 2017 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. júní 2017.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. júní 2017 samþykkt.

- Kl. 13:01 vikur Herdís Anna Þorvaldsdóttir af fundi.

Umhverfis- og skipulagsráð bókar:

Umhverfis- og skipulagsráð leggur áherslu á að tillögur varðandi uppbyggingu við Brautarholt sýni metnað fyrir umhverfi almennings og íbúa bygginganna til framtíðar. Standa þarf vörð um gæði íbúðanna með fjölbreytni í stærðum og aðgengi að birtu. Varðveita þarf staðaranda og einkenni upprunalegrar byggingarlistar. Nærleggjandi svæði er að hefja umbreytingu með lokum skipulagssamkeppni á Heklureit og ber ráðið vonir til þess að metnaður einkenni það svæði og að metnaður einkenni einnig nærliggjandi svæði.

Borghildur Sölvey Sturludóttur verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

15. Brekkustígur 10, (fsp) flutningur húss og (01.134.3) Mál nr. SN170432  
nýbygging  
121271-4789 Hallgrímur Friðgeirsson, Kirkjustétt 22, 113 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Hallgríms Friðgeirssonar, mótt. 24. maí 2017, um að flytja húsið á lóð nr. 10 við Brekkustíg og byggja nýtt 4. hæða hús á lóðinni. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 29. júní 2017.  
Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 29. júní 2017.

Halldóra Hrólfsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

16. Reykjavíkurlflugvöllur, (fsp) breyting á (01.6) Mál nr. SN170408  
þjónustuaðkomu  
530214-0870 Teiknistofan Stórð ehf., Laugavegi 168, 105 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Teiknistofunnar Stórð ehf., mótt. 15. maí 2017, ásamt greinargerð, dags. 15. maí 2017, um að breyta þjónustuaðkomu að flugstöðinni á Reykjavíkurlflugvelli og að Fluggörðum frá Njarðargötu, samkvæmt uppdr. Isavia, dags. 12. maí 2017. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 23. júní 2017.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við að breyta þjónustuaðkomu að flugstöðinni á Reykjavíkurlflugvelli og að Fluggörðum frá Njarðargötu og að gera úrbætur á núverandi bílastæðum, malbika stæðin og fegra lóðina, ásamt því setja upp gjaldheimtu á bílastæðunum.

Halldóra Hrólfsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

17. Austurhöfn, (fsp) breyting á skilmálum (01.11) Mál nr. SN170444  
deiliskipulags.  
581198-2569 ÞG verktakar ehf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Þorvaldar Gissurarsonar f.h. lóðarhafa, Reykjavík development, dags. 25. maí 2017, vegna breytingar á skilmálum deiliskipulags Austurhafnar reits, sem felst í heimild fyrir gististaðastarfsemi í byggingu T1, T2 og T3. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. júní 2017.  
Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 30. júní 2017.

#### (D) Ýmis mál

18. Fiskislóð 15-21, sjálfsafgreiðslustöð fyrir (01.089.3) Mál nr. SN170528  
eldsneyti  
530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf Faxaflóahafna, dags. 21. júní 2017, ásamt erindi Festi, dags. 8. janúar 2017, þar sem óskað er eftir formlegri afgreiðslu umsóknar um uppsetningu eldsneytisafgreiðslu við Fiskislóð 15-21.  
Vísað til meðferðar hjá embætti skipulagsfulltrúa.

19. Fegrunarviðurkenningar 2017, Mál nr. SN170515  
tilnefningar trúnaðarmál

Skráð í trúnaðarmálabók umhverfis- og skipulagsráðs.  
Samþykkt.  
Vísað til borgarráðs.

Margrét Þormar og Edda Ívarsdóttir verkefnisstjórar taka sæti á fundinum undir þessum lið.

20. Framtíðaruppbygging á gististarfsemi í Mál nr. US170195  
Reykjavík, tillögur starfshóps

Lagt fram til kynningar erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 19. júní 2017, vegna samþykktar borgarráðs frá 15. júní 2017 um að vísa bréfi borgarstjóra, dags. 1. júní 2017, og skýrslu starfshóps um framtíðaruppbyggingu gististarfsemi í Reykjavík, dags. júní 2017.

Fulltrúi skrifstofu borgarstjórnar Helga Björk Laxdal kynnir .

21. Fjárhagsrammar 2018, undirbúningur fjárhagsáætlunar 2018 Mál nr. US170199
- Lagðir fram fjárhagsrammar vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar 2018, dags. 28. júní 2017. Einnig eru lagðar fram forsendur fjárhagsáætlunar 2018 og fimm ára áætlunar 2018-2022, dags. 26. júní 2017.
22. Umhverfis- og skipulagssvið, fjögurra mánaða uppgjör Mál nr. US170198
- Lagt fram fjögurra mánaða uppgjör umhverfis- og skipulagssviðs janúar til apríl 2017.
23. Umhverfis- og skipulagssvið, yfirlit yfir innkaup Mál nr. US130118
- Lagt fram yfirlit yfir innkaup umhverfis- og skipulagssviðs á verkum yfir milljón í maí 2017.
24. Jaðarleiti 2, kæra 40/2017, umsögn, (01.745) Mál nr. SN170325  
úrskurður  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
- Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 3. apríl 2017, ásamt kæru þar sem kært er byggingarleyfi fyrir fjölbýlishúsi að Jaðarleiti 2. Einnig lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 8. júní 2017. Lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 29. júní 2017. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda.
25. Efstaleiti - RÚV-reitur, kæra 135/2016, (01.745.4) Mál nr. SN160784  
umsögn, úrskurður  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
- Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 19. október 2016 ásamt kæru, dags. 17. s.m. þar sem kært er deiliskipulag Efstaleitis. Í kærinni er gerð krafa um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 29. nóvember 2016. Lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 29. júní 2017. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda.
26. Efstaleiti - RÚV reitur, kæra 109/2016, (01.745.4) Mál nr. SN160616  
umsögn, úrskurður  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
- Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 15. ágúst 2016, ásamt kæru, mótt. 15. ágúst 2016, þar sem kært er deiliskipulag vegna RÚV reitar við Efstaleiti. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 5. október 2016. Lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 29. júní 2017. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda.
27. Kennaraháskóli Íslands, reitur 1.254, (01.27) Mál nr. SN170081  
breyting á deiliskipulagi

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 23. júní 2017, um samþykki borgarráðs dags. 22. júní vegna tillögu að deiliskipulagi reits 1.254, Kennaraháskólinn.

28. Kringlumýrarbraut frá Miklubraut að (01.7) Mál nr. SN160832  
Bústaðavegi, deiliskipulag

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 23. júní 2017, um samþykki borgarráðs dags. 22. júní vegna tillögu að deiliskipulagi Kringlumýrarbrautar frá Miklubraut að Bústaðavegi.

29. Öskjuhlíð, Perlan, breyting á (01.762.5) Mál nr. SN170102  
deiliskipulagi  
561204-2760 Landmótun sf., Hamraborg 12, 200 Kópavogur  
561115-1680 Perla norðursins hf., Suðurlandsbraut 4A, 108 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 23. júní 2017, um samþykki borgarráðs dags. 22. júní vegna tillögu um auglýsingu að breytingu á deiliskipulagi Öskjuhlíðar, lóðarinnar Perla nr. 1 við Varmahlíð.

### **Fundi slitið kl. 13.30**

Hjálmar Sveinsson

Karl Sigurðsson  
Gísli Garðarsson  
Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir

Sverrir Bollason  
Halldór Halldórsson



## Afgreiðsla byggingarfulltrúa samkv. samþykkt nr. 161/2005

Árið 2017, þriðjudaginn 4. júlí kl. 10.00 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 931. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Björgvin Rafn Sigurðarson, Halldóra Theódórsdóttir, Karólína Gunnarsdóttir, Óskar Torfi Þorvaldsson, Jón Hafberg Björnsson og Sigríður Maack. Fundarritari var Björgvin Rafn Sigurðarson.

### Petta gerðist:

#### Nýjar/br. fasteignir

1. Bíldshöfði 12 (04.064.101) 110669 Mál nr. BN052310  
480911-0400 Ormsvöllur ehf., Pósthólf 288, 172 Seltjarnarnes  
Sótt er um leyfi til að innrétta vinnustofur á 3. og 4. hæð ásamt því að byggja flóttastiga á austurgafli og gera björgunarop á vinnustofum í húsi á lóð nr. 12 við Bíldshöfða.  
Bréf hönnuða dags. 30.01.2017 fylgir erindi.  
Samþykki húsfélags dags. 29.03.2017 fylgir erindi.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 12. maí 2017 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. maí 2017.  
Gjald kr. 11.000  
Synjað.  
Með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. maí 2017.
2. Bæjarflöt 15 (02.576.203) 179498 Mál nr. BN052976  
550896-2149 Spöng ehf., Furulundi 9, 210 Garðabær  
Sótt er um leyfi til að gera rými 0102 að sér eignarhluta ásamt því að breyta innra fyrirkomulagi, brunahólfun og flóttaleiðum í húsi á lóð nr. 15 við Bæjarlind.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
3. Bæjarflöt 8 (02.575.802) 179487 Mál nr. BN052607  
511202-2480 Blikalón ehf, Bæjarflöt 8A, 112 Reykjavík  
251168-3859 Einar Þór Hauksson, Vesturfold 38, 112 Reykjavík  
691193-2259 Sagtækni ehf, Bollagörðum 83, 170 Seltjarnarnes  
Sótt er um áður gerðar breytingar sem felast í því að opnað hefur verið á milli eignarhluta 0103 og 0104 og þeir nýttir sem einn auk þess sem milliflötur í eignarhluta 0101 hefur verið stækkaður í húsi á lóð nr. 8 við Bæjarflöt.  
Stækkun milliflatar 0101 24,0 ferm.  
Stækkun milliflatar 0105 41,8 ferm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda eldvarnareftirlits á umsóknarblaði.
4. Döllugata 13 (05.113.103) 214843 Mál nr. BN053115  
020478-3309 Berglind Helgadóttir, Gefjunarbrunnur 13, 113 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða einbýlishús með innbyggðri bílageymslu og aukaíbúð tengd húsi, byggt úr steinsteypu, einangrað að utan og klætt utan með láréttum álplötum á lóð nr. 13 við Döllugötu.  
Varmatapsúttreikningar dags. 25. júní 2017 fylgir.

Stærð húss er : 1. Hæð 172,8 ferm., 483,9 rúmm. 2. Hæð 124,0 ferm., 456,9 rúmm. Bílageymsla 41,7 ferm., 145,3 rúmm. Samtals: 338,5 ferm., 1.120,7 rúmm.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

5. Döllugata 5 (05.113.603) 214839 Mál nr. BN053117

110178-3529 Bjarki Már Hinriksson, Friggjarbrunnur 34, 113 Reykjavík  
031080-3049 María Jóhannsdóttir, Friggjarbrunnur 34, 113 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða einbýlishús með innbyggðri bílageymslu og aukaíbúð tengd húsi, byggt úr steinsteypu, klætt með frostþolnum flísum á lóð nr. 5 við Döllugötu.

Stærð húss er : 1. Hæð 167,0 ferm., 484,3 rúmm. 2. Hæð 120,2 ferm., 492,7 rúmm. Bílageymsla 40,0 ferm., 116,0 rúmm. Samtals: 327,4 ferm., 1.126,4 rúmm.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

6. Efstaleiti 2 (01.745.201) 224636 Mál nr. BN053151

681015-5150 Skuggi 4 ehf., Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur  
Sótt er um takmarkað byggingarleyfi fyrir undirstöðum, botnplötu og lögnum í jörð fyrir mhl. 02 að Lágaleiti 5-15 á lóð nr. 2 við Efstaleiti sbr. erindi BN052546.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Samþykktin fellur úr gildi við útgáfu á endanlegu byggingarleyfi. Vegna útgáfu á takmörkuðu byggingarleyfi skal umsækjandi hafa samband við yfirverkfræðing embættis byggingarfulltrúa.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggir að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.

7. Efstasund 50 (01.357.219) 104445 Mál nr. BN052818

220760-7749 Tryggvi Hallvarðsson, Efstasund 75, 104 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja tvílyft fjölbýlishús úr timbri með þremur íbúðum á lóð nr. 50 við Efstasund.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 30. júní 2017 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. júní 2017.

Stærð mhl. 01, A-rými: 261,6 ferm., 782,8 rúmm.

B-rými: 31,6 ferm., 126,9 rúmm.  
hl. 01 samtals: 293,2 ferm., 1.004,2 rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. júní 2017.

8. Eldshöfði 10 (04.035.303) 110540 Mál nr. BN053094  
601200-2280 Eignarhaldsfélagið Partur ehf, Eldshöfða 10, 110 Reykjavík  
Sótt er um breytingu á erindi BN051405 vegna aðlögunar að landi sem felst í lækkun gólfkóta húss um 1,0 m og breytingu á fyrirkomulagi bílastæða á lóð nr. 10 við Eldshöfða.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
9. Fiskislóð 49-51 (01.087.602) 100012 Mál nr. BN053090  
450916-0990 Kaðall ehf., Hellulandi 12, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN052100 þannig að breytt er herbergjaskipan á 2. hæð, salerni fyrir fatlaða og sturtum í búningsklefa, skráningartafla er uppfærð og texta í byggingalýsingu breytt hvað varðar brunamál, loftræstingu og sorp í húsi á lóð nr. 51 við Fiskislóð.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.  
Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.
10. Flókagata 1 (01.243.605) 103163 Mál nr. BN052994  
510713-1090 Flókagata ehf., Flókagötu 16a, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja flóttasvalir á norðurhlíð gististaðar í húsi á lóð nr. 1 við Flókagötu.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 30. júní 2017 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. júní 2017.  
Stærðarbreyting: x ferm., x rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði og umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 30. júní 2017.
11. Freyjugata 41 (01.194.206) 102550 Mál nr. BN053002  
590416-0370 Ásmundarsalur ehf., Sjafnargötu 3, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að endurskipuleggja 1. hæð, jafna hæðarmun gólfa, endurnýja glerskála, lagfæra brunavarnir og gera nýjan glugga við þaksvalir Ásmundarsalar á lóð nr. 41 við Freyjugötu.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda umhverfis- og heilbrigðiseftirlits á umsóknarblaði.
12. Geirsgata 5-5C (01.117.306) 100086 Mál nr. BN053100  
520796-2159 Special Tours ehf., Pósthólf 92, 222 Hafnarfjörður  
530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til breyta áður samþykktu erindi BN052119 þannig að komið verður fyrir sorpi fyrir mhl. 04 og 05 í geymslu sem áður var fyrir gaskúta á norðvesturhlíð hússins 5C og 5B á lóð nr. 5-5C við Geirsgötu.

Samþykki fylgir frá Faxaflóahöfnum ódags.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

13. Grenimelur 8 (01.541.308) 106338 Mál nr. BN053153  
280252-2989 Hrefna Ólafsdóttir, Grenimelur 8, 107 Reykjavík  
101172-4819 Stefán Sigurðsson, Grenimelur 8, 107 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að hækka og endurgera þakhæð ásamt því að setja nýjar svalir á 1. og 2. hæð í húsi á lóð nr. 8 við Grenimel.  
Sjá erindi BN052433.  
Stækkun: 80,2 ferm., 145,8 rúmm.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 31. mars 2017 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. mars 2017.  
Gjald kr. 0  
Frestað.  
Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til grenndarkynningar. Vísað til uppdráttar 10-01, 10-02, dags. 21.2.2017.
14. Grensásvegur 16A (01.295.407) 103854 Mál nr. BN052543  
580815-1110 iborg ehf., Síðumúla 27, 108 Reykjavík  
501215-0310 Hverasól ehf., Borgartúni 28, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja 4. hæð ofaná Síðumúla 39, mhl. 02, og tvær hæðir ofaná vestari hluta bílgeymslu, mhl. 04 og innréttar 35 íbúðir og rými fyrir atvinnu á jarðhæð húss á lóð nr. 16A við Grensásveg.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 7. apríl 2017 fylgir erindinu.  
Stækkun: 1.474,8 ferm., 4.647,2 rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísast til athugasemda á umsóknarblaði.
15. Grensásvegur 16A (01.295.407) 103854 Mál nr. BN052544  
580815-1110 iborg ehf., Síðumúla 27, 108 Reykjavík  
501215-0310 Hverasól ehf., Borgartúni 28, 105 Reykjavík  
521115-1060 Grensásvegur 16A ehf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja nýja tveggja hæða bílgeymslu fyrir 50 bíla með aðkomu frá Grensásvegi og Fellsmúla í stað eldri bílgeymslu og verður mhl. 04 á lóð nr. 16 A við Grensásveg.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 7. apríl 2017 fylgir erindinu.  
Stækkun: 993,3 ferm., 3.129,3 rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísast til athugasemda á umsóknarblaði.
16. Grensásvegur 16A (01.295.407) 103854 Mál nr. BN053105  
521115-1060 Grensásvegur 16A ehf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík  
580815-1110 iborg ehf., Síðumúla 27, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja 2 hæðir ofan á núverandi hús ásamt tveimur hæðum ofan á mhl.04, klæða hús að utan með álklæðningu og breyta innra fyrirkomulagi í gististað í flokki x - teg. x með 57 herbergjum í húsi á lóð nr. 16A við Grensásveg.

Stækkun:

A-rými 1.550,5 ferm., 5.820,2 rúmm.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

17. Grettisgata 53B (01.174.227) 101630 Mál nr. BN053099  
700609-0650 Aurora ehf, Sunnuvegi 11, 104 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum þar sem gerð er grein fyrir íbúð í kjallara og íbúðum þannig fjölgað úr fimm í sex í húsinu á lóð nr. 53B við Grettisgötu.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
18. Hagamelur 34 (01.540.317) 106310 Mál nr. BN053131  
030379-4549 Kjartan Ingvarsson, Hagamelur 34, 107 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breikka og stækka svalir á suðurhlíð á 1., 2. og 3. hæð, gera glugga á 2. og 3. hæð austurgafls, flytja eldhús í íbúð á 3. hæð og opna á milli stofu og eldhúss í húsi á lóð nr. 34 við Hagamel.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.  
